8. "Stöölun verður að hagnýta í byggingariðnaði meir en nú er gert. Hún eykur möguleika á hagnýtingu véla og tækja og lækkar í mörgum tilvikum byggingarkostnað strax."
9. "Nauðsyn er að endurskoða byggingarvísitöluna og skilgreina tæknilegan grundvöll hennar og tilgang. Gera þarf staðal, sem skilgreini byggingarkostnað. Með honum má auðvelda kostnaðarsamanburð milli mannvirkja."

1. apríl 1970

I S L E N Z K I Ð N P R O U N

Iðnþróunarráðstefna Sjálfstæðismanna 2.-4. maí

(17.00) 1.0 Fjöldar stofnir arlöga -
 BETANÐ OG HUGSÍR I ÆVÍSTU ÞEÐSLUNUM.

1.01 ÞATVALDAN D A G S K R Á

Hálfan fóruðar ófyrirvara, eftirlitumálinn.

FIMMTUDAGUR 2. MAÍ

Erlaður, klukkustundar jóm.

1. dagur

- (13.30) 1.1 RÁÐSTEFNAN SETT
 Avarp
 Baldvin Tryggvason, formaður Fulltrúaráðs
 Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík.
 Avarp
 Davíð Sch. Thorsteinsson, framkvæmdastjóri,
 formaður framkvæmdaneftnar ráðstefnunnar.

1.2 Erindi -
 HLUTVERK OG AÐSTAÐA STJÓRNVALDA TIL AHRIFA
 A ÍÐNPRÖUNINA
 Jóhann Hafstein, iðnaðarmálaráðherra.

1.3 Erindi -
 OPINNERRAR STOFNANIR ÍÐNAÐARINS OG
 STJÓRNUNARMÁL
 Arni P. Árnason, viðskiptafræðingur.

1.4 Erindi -
 UM AHRIF EFTA A VIÐSKIPTI OG ÍÐNAÐ I
 AÐILDARRÍKJUM
 Einar Benediktsson, deildarstjóri
 utanríkisráðuneytinu

- Fyrirspurnir og umræður -

Bættahendur skiptast í umræðuhópa

- þar sem kaffi er framreitt.

(15.30) 1.5 UMRÆDUHÓPAR að störfum.

Almennur fundur -

- (17.00) 1.6 Flokkur stuttra erinda -
ÅSTAND OG HORFUR Í HFLZTU IÐNGREINUM.
- 1.61 MATVÆLA IÐNAÐUR
Hallgrímur Björnsson, efnaverkfræðingur.
- 1.62 FISKIÐNAÐUR
Már Elísson, fiskimálastjóri.
- 1.63 VEFNAÐUR, PRJÓNLES OG FATAIÐNAÐUR
Bjarni Björnsson, framkvæmdastjóri.
- 1.64 ULLAR- OG SKINNAIÐNAÐUR
Ásbjörn Sigurjónsson, forstjóri.
- 1.65 INNRETTINGAR, HÚSGAGNASMIÐI
Hjalti Geir Kristjánsson, húsgagnaarkitekt.
- 1.66 BYGGINGAVÖR UFRAMLEIÐSLA (Sement, hurðir, gler).
Sveinn K. Sveinsson, verkfræðingur.
- 1.67 BYGGINGAR IÐNAÐUR OG MANNVIRKJAGERÐ
Gissur Sigurðsson, byggingameistari.
- (16.30) 1.68 SKIPASMÍÐAR
Jósep Þorgeirsson, framkvæmdastjóri.
- (17.10) 1.69 VEIÐARFÄRAGERÐ
Hannes Pálsson, forstjóri.
- 1.70 MÁLMIENNAÐUR
Sveinn Guðmundsson, forstjóri.
- 1.71 UMPÚÐAIÐNAÐUR, PRENTUN
Haukur Eggertsson, framkvæmdastjóri.
- 1.72 EFNAIÐNAÐUR, MÁLN., PLAST, HREINLÆTISVÖRUR
Kolbeinn Pétursson, framkvæmdastjóri.
- 1.73 HÖNNUN (DESIGN) VÖRUPRÖUN
Stefán Snæbjörnsson, húsgagnaarkitekt.
- (19.00) Dagskrárlok.

ÓSTUDAGUR 3. MAI

2. dagur

(12.15) HÁDEGISVERÐUR

2.1 ÁVARP (undir borðum)
dr. Þjarni Benediktsson, forsætisráðherra.

Almennur fundur

(13.30) 2.2 Erindi -

EFTA AÐILD OG ÍSLENZKUR IÐNAÐUR
Þórhallur Asgeirsson, ráðuneytisstjóri.

Fyrirspurnir og umræður.

2.3 Erindi -

PÁTTUR IÐNAÐARINS I ÍSLENZKRÍ EFNAHAGSPRÓUN
Þórir Einarsson, viðskiptafræðingur.

2.4 Erindi -

VERÐLAGSMÁL OG FJÁRHAGSSTÁÐA IÐNAÐARINS
Otto Schopka, viðskiptafræðingur.

2.5 Erindi -

MARKAÐSMÁL OG ÚTFLUTNINGUR
Gunnar J. Friðriksson, framkvæmdastjóri
þátttakendur skiptast í umræðuhópa, þar sem kaffi er framreitt.

(15.30) 2.6 UMRÆDUHÓPAR að störfum.

(17.10) Almennur fundur

2.7 Erindi -

MANNAFLI OG IÐNAÐUR
Guðjón Sigurðsson, formaður Iðju.

2.8 Erindi -

IÐNAÐUR OG TÆKNIMENNTUN
Arni Brynjólfsson, rafverktaki

2.9 Erindi -

RÁNNSÓKNIR OG TÆKNIAÐSTOD
Þorvarður Alfonsson, hagfræðingur.

2.10 Erindi -

NÝ VIÐFANGSEFNI -
Eyjólfur Konráð Jónsson, ritstjóri.

2.11 Erindi -

FJÄRMÅL IÐNAÐARINS

Pragi Hannesson, bankastjóri

Pétur Sæmundsen, bankastjóri.

2.12 Fluttar NIÐURSTÖÐUR UMRÆDUHÓPA

1. og 2. dags.

(19.35) Dagskrárllok.

- Álitsgerðarnefnd hefur störf -

LAUGARDAGUR 4. MAÍ

3. dagur

(12.30) HADEGISVERÐUR

3.1 Erindi - (undir borðum)

SKATTA- OG TOLLAMÅL IÐNAÐARINS

Magnús Jónsson, fjármálaráðherra.

(13.45) Almennur fundur

3.2 "PANEL" UMRÆÐUR

(ráðherrar Sjálfstæðisfloksins og borgarstjórinna í Reykjavík ræða sín á milli og svara fyrirspurnum frá þáttakendum).

dr. Bjarni Benediktsson, forsetisráðherra

Jóhann Hafstein, iðnaðarmálaráðherra

Ingólfur Jónsson, landbúnaðarráðherra

Magnús Jónsson, fjármálaráðherra

Geir Hallgrímsson, borgarstjóri.

Stjórnandi: Sveinn Björnsson, verkfræðingur.

Almennur fundur.

3.3 NIÐURSTÖÐUR ÁLITSGERÐARNEFNDAR

Umræður.

(16.00) 3.4 RÁÐSTEFNUSLIT

- HLÉ -

(17.00) SÍÐDEGISHÖF iðnaðarmálaráðherra.

VERZLUNARMÁLARÁÐSTEFNA SJÁLFSTÆÐISMANNA 11.-13.3. '69.

Helztu niðurstöður

Verzlunarmálaráðstefna Sjálfstæðismanna, haldin í Reykjavík 11.-13. mars 1969, vill leggja áherzlu á, að öflug, frjáls verzlun er forsenda þess, að framleiðsla þjóðarinnar aukist á ný og lífskjör batni. Þróttmikil verzlun hefur verið driffjöðurin í hraðri iðnþróun í nálægum löndum og veitt vaxandi fólksfjölda atvinnu.

Ráðstefnan telur því höfuðnauðsyn, að verzluninni verði veitt sem bezt starfsskilyrði, engu lakari en öðrum atvinnuvegum þjóðarinnar.

Í þessum eftirnum telur ráðstefnan eftirtaldar aðgerðir nauðsynlegar:

1. Í verðlagsmálum.

Að horfið verði að fullu og öllu frá hinu þjóðhagslega skaðlega prósentuálagningarkerfi, sem hér hefur tiðkast, og tekið upp frjálst verðmyndunarkerfi í líkingu við það, sem lýðræðisþjóðir nágrannalandanna hafa notað með góðum árangri um langt skeið.

Þetta kerfi miðar að því, að framleiðsluöfl þjóðfélagsins nýtist sem bezt með því að hvetja til samkeppni milli fyrirtækja og skapa ríkulegt framboð á vörum og þjónustu. Ýmsum aðgerðum er jafnframt beitt til þess að koma í veg fyrir einokunar- og hringamyndun og aðrar samkeppnishömlur. Á þennan hátt eru neytendum tryggð hin hagstæðustu verzlunarkjör.

Á ráðstefnunni var rætt ýtarlega, á hvern hátt verðlagsákvæði, eins og hér gilda, leiddu til þjóðfélagslega óhagkvæmrar verzlunar, og voru helztu niðurstöður þessar:

1. Þau leiða til dýrari og smærri innkaupa, og því hærri flutningskostnaðar en ella.
2. Þau draga úr vörúúrvali og framboði.
3. Þau takmarka þjónustu við neytendur.
4. Þau hindra eðlilega verkaskiptingu milli heildsölu og smásölu.

5. Þau stuðla að flutningi verzlunarinnar í hendur útlendinga.
6. Þau koma í veg fyrir, að verzlunin hafi í sinni þjónustu vel þjálfar og gott starfsfólk.
7. Þau leiða til óeðlilegrar fjölgunar smárra verzlana.
8. Þau hafa í för með sér hærra verðlag en vera myndi við frijálsa samkeppni.

Lögð var áherzla á, að verðlagsákvæðin, sem sett voru í desember 1967, hafi verið mjög handahófskennd, og að engin hliðsjón hafi verið höfð af nauðsynlegum kostnaði við innkaup og dreifingu vörunnar.

Þessi óraunhæfu ákvæði um álagningarprósentur voru svo lækkuð yfirleitt um allt að fjórðungi í nóvember s.l. Það var gert, eins og ræunar áður, á þeim alröngu forsendum, að vörusala verzlunarinnar hækkaði í hlutfalli við gengisbreytinguna, en sölumagnið héldist óbreytt. Söлumagnið hefur dregizt saman og á sumum sviðum mjög verulega, enda er að því stefnt með gengislækkunum. Jafnframt hefur allur rekstrarkostnaður hækkað mikið.

Við gengislækkanirnar voru fyrirtakin skylduð til að selja birgðir af erlendum vörum, er þau höfðu greitt, langt undir endurkaupsverði. Fyrirtakin geta því aðeins keypt til endurnýjunar um helming sílikra birgða fyrir ákveðið fjármagn, miðað við aðstæður fyrir rúmu ári.

Hin óraunhæfu verðlagsákvæði eiga drjúgan þátt í því, að afkoma verzlunarinnar er nú komin í hreint óefni. Mörg vel rekin fyrirtaki munu innan skamms gefast upp, þjóðinni til mikils tjóns, ef ekki verður tafarlaust tekin upp ný stefna í verðlagsmálum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. í fjármálum fyrirtækja

Að útlánastarfsemi bankanna markist af því, að einkaverzlunin njóti sambærilegrar aöstöðu og aðrar atvinnugreinar, að því er snertir rekstrar- og stofnlán.

Í umræðum á ráðstefnunni kom greinilega í ljós, að fjárhagsstaða verzlunarfyrirtækja hefur versnað stórlega að undanförnu. Langvarandi verðbólguþróun, samfara óraunhæfum verðlagsákvæðum, hefur haft þau áhrif, að verzlunin hefur ekki getað myndað eigið fjármagn og því orðið háðari lánsfé en eðlilegt er. Með því að skylda fyrirtækin til að selja bingöir langt undir endurkaupsverði að loknum gengis-fellingunum var fjármagn þeirra skert til muna. Jafnframt var vel staðum neytendum gefið tækifæri til að birgja sig upp á kostnað hinna verr settu, og eðlileg sparifjármýndun raskaðist. Nauðsynlegt er, að fyrirtækjum verði sköpuð skilyrði til myndunar eigin fjármagns.

Ráðstefnan varar við þeirri þróun í bankamálum, sem lýsir sér í óeðlilegum og óæskilegum stjórnmálaáhrifum, er standa í beinu sambandi við það, að stærstu viðskiptabankarnir eru í ríkiseign.

Ráðstefnan telur, að vel reknir einkabankar hafi sannað gildi sitt í íslenzku efnahagslífi og því beri að efla starfsemi þeirra, m.a. með því að veita þeim aöstöðu til alhliða viðskipta.

Ráðstefnan bendir á, að nauðsynlegt er að setja reglur um meðferð þess fjár, sem innlánsstofnanir eiga á bundnum reikningi hjá Seðlabankanum, m.a. um aðgang að því fé, þegar samdráttur verður í efnahagsstarfsemanni og nauðsyn ber til að örva hana með því að veita meira fjármagni til atvinnuveganna.

Ráðstefnan telur að kanna eigi vel við lánveitingar, hvort fyrirtæki séu byggð á traustum grunni og rekstri þeirra hagað í samræmi við heilbrigðar viðskiptavenjur. Slík fyrirtæki eiga að öðru jöfnu að njóta þess fjármagns, sem til ráðstöfunar er, þar sem það kemur á þann hátt að hagkvæmustum notum. Jafnframt ber að endurskoða löggjöf, sem miðar að því að veita fjármagni í ákveðna farvegi, án tillits til arösemi.

Ráðstefnan ályktar, að greiða beri fyrir því, að verzlunin eigi aðgang að stofnlánum, og að hafa eigi hliðsjón af eðlilegum þörfum hennar, þegar teknar eru ákvarðanir um skiptingu framkvæmdafjár milli atvinnugreina.

3. Í skattamálum.

Að skattlagningu fyrirtækja verði stillt í hóf, svo að þau geti myndað fjármagn til að trecysta reksturinn og endurnýja sig, og orðið þannig óháðari lánsfjáröflun.

Ráðstefnan ræddi, á hvern hátt verðbólga og gengisfellingar skertu fjármagn fyrirtækja, og hvaða leiðir ætti að fara í skattamálum til þess að halda við raunverulegum hőfuðstól þeirra:

1. Tilgangur afskrifta er myndun sjóða til þess að fyrirtækin geti endurnýjað fjármuni sína, þ.e. mannvirki, vélar, tæki o.s.frv. Þar sem verð fjármuna hefur farið síhakkandi, telur ráðstefnan nauðsynlegt, að afskriftir verði miðaðar við endurkaupsverð.
2. Sama gildir um vörubirgðoir, sem hverju fyrirtæki eru nauðsynlegar. Vegna hækkandi endurnýjunarverðs telur ráðstefnan nauðsynlegt að heimila myndun sérstaks varasjóðs til endurnýjunar á birgðum. Leggur ráðstefnan til, að ákveðinn hundraðshluti af verðmæti birgða og útistandandi skulda verði lagður í birgðavarasjóð, áður en tekjur eru skattlagðar.

Ráðstefnan leggur áherzlu á, að atvinnuvegir landsins sitji við sama borð gagnvart skattlagningu. Hun telur óviðunandi, að afskriftir af verzlunar- og skrifstofuhúsnæði skuli ekki hlíta sömu reglum og húsnæði í þágu annarra atvinnuvega, og fráleitt að miða afskriftir við einfalt fasteignamat, þegar eignarskattur og eignarútsvar er innheimt af nífoldu fasteignarmati.

Þá telur ráðstefnan, að opinber fyrirtæki, sem hafa með höndum hliðstæðan rekstur og einkaaðilar, eigi að hlíta sömu reglum um skattlagningu.

Verzlunarmálaráðstefnan vill benda á, að skattgjöld, sem lögð eru á án tillits til rekstrarrafkomu fyrirtækjanna, hafi lagzt með óeðlilegum þunga á atvinnureksturinn.

Eignarskattar og eignarútsvör eru há hér á landi, þó að viðast annars staðar sé félagsrekstur undanþeginn þeim. Aðstöðugjöld hafa verið innheimt með óbreyttum prósentum, þó að álagningaprósentur verzlunarinnar hafi verið skornar niður.

Ráðstefnan ályktar, að eignarskatta og eignarútsvör beri að afnema af rekstri félaga, og að fyrirkomulagi aðstöðugjalda og landsútsvara verði breytt, þannig að þau leggist á söluverð vörur og þjónustu á sama hátt og gildir um söluuskatt. Ennfremur varar ráðstefnan við þeirri stefnu að hækka fasteignagjöld óeölilega, þar sem þau eru lögð á án tillits til þess, hverjar tekjur viðkomandi fasteign gefur og án tillits til afkomu viðkomandi fyrirtækis.

Ráðstefnan bendir á, að mikill kostnaður og ábyrgð er lögð á herðar fyrirtækjanna með skyldu til innheimtu opinberra gjalda, og mun sá kostnaður aukast verulega, ef tekið verður upp staðgreiðslukerfi skatta. Telur ráðstefnan eölilegt, að slikur kostnaður verði endurgreiddur með ákveðinni þóknun, miðað við skattfjárhæð.

Verzlunarmálaráðstefnan telur nauðsynlegt, að arður af hlutafé og hlutafjáreign verði skattfrjáls á sama hátt og gildir um sparifé og spariskírteini. Á þennan hátt opnast möguleikar fyrir almenning til virkrar þátttöku í atvinnurekstrinum.

Að lokum leggur Verzlunarmálaráðstefna Sjálfstæðismanna höfuðáherzlu á, að fjárhagslega sterk og vel rekin fyrirtæki eru nauðsynleg forsenda framfara, atvinnuöryggis og bættra lífskjara.

4. Ýmis mál.

Samkeppnisaðstaða smásöluverzlunarinnar.

Það kom fram á ráðstefnunni, að samkeppnisaðstöðu smásöluverzlunarinnar gagnvart opinberum og hálfopinberum stofnunum væri mjög áfátt.

Kom í því sambandi einkum fram eftirfarandi:

1. Í starfsemi þöntunarfélaga margra opinberra stofnana legði ríkið til húsnæði, síma, ljós og hita og jafnvel starfslið. Það yrði að teljast mjög misráðið að heimila slikan rekstur á vegum stofnana, sem væru í eign almennings, gegn sjálfstæðum verzlunaraðilum, er þyrftu að greiða sjálfir allan sams konar kostnað, svo og skatta af starfsemi sinni.
2. Þá var og upplýst á ráðstefnunni herfileg misnotkun sumra mjólkursamliga á þeirri aðstöðu, sem þau hafa skv. lögum nr. 59/1960 um sölu á landbúnaðarvörum o.fl., á þann hátt, að þau neita einka-verzlunum um afgreiðslu á mjólk og rjóma, en einskorða hana við kaupfélög. Taldi ráðstefnan það réttlætismál, að öllum dreifingaraðilum, er uppfylltu tiltekin skilyrði varðandi hreinlæti og aðra aðstöðu, yrði veitt jafnréttisaðstaða í þessum efnum.

Lokunartími sölubúða.

Það kom einnig fram á ráðstefnunni, að núverandi fyrirkomulag á lokunartíma sölubúða væri komið í öngþveiti, og væri nauðsynlegt að breyta því með samræmdri löggjöf, er gilti fyrir landið alit, enda yrði í slíkri löggjöf leitazt við að tryggja neytendum nægilega aðstöðu til innkaupa, án þess þó að íþyngja um of vinnuaðstöðu verzlunarfólks og rekstrarrafkomu smásöluverzlnana.

Verzlunarrekstur opinberra aðila.


Verzlunarmálaráðstefnan leggur til, að athugað verði, hvort ekki muni vera hagkvæmara fyrir ríkissjóð og neytendur, að einkaaðilar tækju að sér innkaup og dreifingu á vissum verzlunarvörum ÁTVR, og ef svo reynist, verði sá verzlunarrekstur gefinn frjáls.

Ennfremur kom fram á ráðstefnunni, að aðalstarfsvið innkaupastofnana ríkis og borgar eigi að vera að annast útboð eftir skýrum og einföldum reglum, sem vel séu kynntar verzlunaraðilum. Hörð gagnrýni kom fram á vinnubrögð Innkaupastofnunar ríkisins, sem seilzt hefur inn á svið venjulegs verzlunarrekstrar í skjóli aðstöðu sinnar og skattfrelnis.

Útflutningsverzlun

Ráðstefnan telur æskilegt og nauðsynlegt, að þekking verzlunarstéttarinnar og viðskiptasambönd erlendis verði nýtt til aukinnar sölu á íslenzkum framleiðsluvörum á erlendum mörkuðum. Létt verði af þeim hömlum, sem torvelda slika starfsemi, svo að einkaframtakið fái að njóta sín til fulls á þessu sviði.

Ráðstefnan bendir á nauðsyn þess, að utanríkisþjónustan leggi sig fram um að veita aðstoð og ráðleggingar í sambandi við markaðsleit og sölu á íslenzkum vörum.



SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

Reykjavík 5. febrúar 1970.

Hérmeð fylgir fréttatilkynning, sem gefin var út um ráðstefnu Sjálfstæðisflokkssins um sveitarstjórnarmál, sem haldin var dagana 31. janúar og 1. febrúar s.l.

Með flokkskveðju,

Bjarnadur Guðnath Þórðarson

- 5 -

RÁÐSTEFNA SJÁLFSTÆDISFLOKKSINS

UM SVEITARSTJÓRNARMÁL.

Á ráðstefnu Sjálfstæðisflokkssins um sveitarstjórnarmál, sem haldin var dagana 31. janúar og 1. febrúar 1970, var meðal annars fjallað um stefnu og markmið flokksins í sveitarstjórnarmálum. Tekin voru sérstaklega fyrir málefni, sem varða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, fjármál sveitarfélaga, þátttöku sveitarfélaga í atvinnurekstri og byggðapróun. Um þessi efni voru ýtarlegar umræður og er hér getið hins helzta, sem þar kom fram.

Fundarmenn voru sammála um, að nauðsynlegt væri að endurskoða stjórnkerfi landsins með tilliti til verkefnaskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga. Í þessu sambandi kom nokkuð til umræðu sú stækkan sveitarfélaganna, sem nú er mjög á dagskrá og voru nokkuð skiptar skoðanir um þau efni.

Fundarmenn voru einhuga um það, að opinberum verkefnum ætti svo sem frekast er unnt að skipa á þann veg, að annaðhvort hefði ríkið alla stjórn og allan kostnað eða sveitarfélögin alla stjórn og allan kostnað. Stefna bæri að því, eftir því sem aðstæður framast leyfðu, að frumkvæði, framkvæmd og fjármálaábyrgð væri á einni hendi.

Af einstökum málefnum, sem sérstaklega voru rædd, má nefna, að einhugur virtist um það, að ríkissjóður ætti að taka á sig allan kostnað við löggæzlu, enda löggæzla að öllu leyti undir stjórn ríkisins. Hins vegar hefðu sveitarfélög brunamál að öllu leyti með höndum.

Vikið var að þeirri hugmynd, að sveitarfélögin tækju að sér meiri hlut fræðslumála, t.d. allt skyldunámið. Þótt sú skoðun hefði fylgi margra, var þó talið sýnt, að slíkt mundi eiga sér all langan aðdraganda. Í þessu samþandi var rætt um þann möguleika, að ríkið tæki að öllu leyti við framhaldsskólum og hvers konar sérskólum. Mjög var rætt um iðnskólana og þá örðugleika, sem orðið hafa á framkvæmd hinna nýju laga um þá. Töluvvert var rætt um hlutdeild ríkisins í kostnaði við íþróttamannvirki, félagsheimili, bókasöfn og annað slíkt.

Miklar umræður urðu um skipan heilbrigðismála. Var það álit manna, að heilbrigðiseftirlit og heilsugæzla, þar með rekstur heilsuverndarstöðva, væru bezt komin hjá sveitarfélögunum. Hins vegar væri rekstur sjúkrahúsa svo kostnaðarsamur þáttur og auk þess óháður mörkum sveitarfélaga, að rétt væri að ríkið hefði hann algerlega með höndum. Með því móti einu væri unnt að skapa þá verkaskiptingu og nýtingu tækja og mannafla, sem nauðsynleg væri. Í því sambandi var þó bent á sérstakar aðstæður, þar sem sjúkrahús og ellihemili eru rekin undir sama þaki.

Það var álit manna, að sveitarfélögin ein gætu bezt gegnt ýmiss konar félagslegrí bjónustu eins og t.d. rekstri leikskóla og dagheimila, heimilishjálp og aðhlynningu aldraðra, þar með rekstri hjúkrunarheimila fyrir aldraða.

Til þess að jafna metin milli ríkis og sveitarfélaga í sambandi við endurskoðun á verkefnaskiptingu þeirra, var bent á þann möguleika, að framlög sveitarfélaga til almennatrygginga yrðu annaðhvort lækkuð verulega eða

felld niður.

Í umræðum um fjármál sveitarfélaga var sérstaklega rætt um tekjustofna sveitarfélaganna. Kom fram, að reglur um álagningu útsvara hafa verið með mismunandi hætti í hinum ýmsu sveitarfélögum eða allt frá 70% afslætti til 20% álagningar á útsvarsstiga. Álið var að fækka ætti verulega stigunum við álagningu útsvars eða jafnvel allt niður í þrjú. Var þetta raunar talin forsenda þess, að hægt yrði að aðlaga útsvörin staðgreiðslukerfi, ef það yrði innleitt hér á landi.

Aðstöðugjöld voru mjög gagnrýnd. Fundarmenn voru margir hlynntir því, að þau yrðu lögð niður, þar sem mjög vafasamt væri að ganga svo langt í skattlagningu, sem gert er með álagningu þeirra. Bent var á, að bættur hagur atvinnurekstrar væri sveitarfélögunum meira virði en þær tekjur, sem aðstöðugjöldin gæfu.

Mjög miklar umræður urðu um fasteignaskatta, og í hvað ríkum mæli þeir ættu að nýtast. Kom fram, að víðast hvar erlendis væru fasteignaskattar mikið stærri hluti í tekjum sveitarfélaga en hér ætti sér stað. Bent var og á þá sérstöðu, sem við íslendingar búum við, þ.e. hina almennu íbúðareign, og að varast bæri að ganga of langt í skattlagningu á þessu sviði. Vakin var athygli á, að endurskoða þyrfti þá stefnu, að ríkisvaldið skattleggi fasteignir, þar sem þær séu hinn eðlilegi tekjustofn sveitarfélaga.

Sú skoðun kom fram, að reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þurfi endurskoðunar við í þá átt, að til þess að

sveitarfélag njóti óskerts framlags þurfi það að nýta að einhverju vissu marki þá tekjustofna, sem það hefur yfir að ráða.

Rætt var um aðrar tekjur sveitarfélaga, svo sem vatnsskatt og löðaleigu. Var upplýst, að mjög er misjafnt, hve mikið þessir tekjustofnar eru nýttir.

Lánamál sveitarfélaga voru rædd og voru fundarmenn sammála um að gera þyrfti úrbætur í þeim efnum, svo sem með samningum við ríkið um, að bankakerfið sinnti betur lánbörf sveitarfélaganna.

Eindreginn vilji var fyrir því, að Lánaþjóður sveitarfélaga yrði efldur verulega, svo að sjóðurinn geti orðið sveitarfélögnum sú lyftistöng, sem vonast er til.

Fundarmenn voru sammála um það, að bein þáttaka sveitarfélaga í atvinnurekstri væri mjög óæskileg. Reynslan og árangur af sliku undanfarna áratugi benti til þess, að opinber rekstur stæði einkaframtakinu mjög að baki, jafnvel þótt hið fyrrnefnda nytí mun meiri aðstoðar og fyrirgreiðslu. Það kom fram, að sveitarfélögin hafa takmarkaða möguleika til jákvæðra afskipta af atvinnumálum. Helstu möguleikar þeirra í þessum efnum væri aðild að hlutafélögum, einkum forysta um að koma þeim á fót. Viðurkennt var, að lánveitingar til atvinnufyrirtækja væri sveitarfélögum ofviða. Hins vegar væri mikið sótt eftir ábyrgðum sveitarfélaga, einkum ef veð og aðrar tryggingar fyrirtækja væru ekki nægilegar. Talið var, að óafturkræf framlög sveitarfélaga til atvinnufyrirtækja kæmu í vissum tilvikum til greina.

Talið var, að ástæðan til þess, hve erfitt hefir verið að virkja einstaklingsframtakið eða vilja almennings til að leggja fé í atvinnurekstur væru einkum ágallar skattalöggjafarinnar og svo það, að hlutafélagalöggjöfin væri ekki nægilega virk.

Alitið var, að áhrifa sveitarfélaganna, einkum hinna stærri, ætti að gæta í ríkara mæli við endurhæfingu vinnu-afls í samræmi við breytilegar þarfir atvinnuveganna. Með því væri að sínu leyti unnt að endurskipuleggja atvinnu-próun, þar sem þörf væri á, og hins vegar að koma til móts við starfslöngun þeirra, sem af einhverjum ástæðum hefðu ekki fulla starfsorku eða starfsþekkingu.

Hugmyndir komu fram um það, að sveitarfélögin gætu notfært sér möguleika á að bjóða nýjum framleiðslugreinum ýmis fríðindi, ef það mætti verða til þess, að fá þau til starfrekslu, þar sem skortur væri á atvinnufyrirtækjum.

En hér töldu fundarmenn að varlega þyrfti að fara í sakir, einkum varðandi mismununar milli sveitarfélaga, sem af kynni að leiða.

F umræðum ráðstefnunnar um byggðapróun var rætt um nýjar leiðir til þess að tryggja framkvæmd hagkvæmrar byggðastefnu í landinu. Eindreginn stuðningur kom fram við þá byggðapróunarstefnu, sem tekin hefur verið upp á valdatíma núverandi ríkisstjórnar með framkvæmd byggða-áætlana til eflingar miðstöðva, iðnaðar og þjónustu út um landsbyggðina og treysta þannig byggðir landsins sem sambýlisheildir. Bent var á með gildum rökum, að þessi stefna tryggði í senn hagsmuni fólksins bæði í þéttbýli

höfuðborgarinnar og öðrum byggðasvæðum landsins. Grundvöllur byggðaþróunarstefnunnar yrði að vera að skapa skilyrði til atvinnuþróunar að því tilskyldu, að heimamenn hefðu forystu.

Sýnt var fram á brýna nauðsyn þess að efla nú byggðaþróun verulega í landinu, með staðarvali stórfyrirtækja og öðrum ráðum. Það var samdóma álit páttakenda ráðstefnunnar að framkvæma þyrfti slika byggðastefnu á sviði atvinnumála á þann hátt að hvetja framtak einstaklinga og félagasamtaka til atvinnuumsvifa á þeim stöðum, þar sem atvinnulífið er ótraust, án þess þó að til opinbers rekstrar þurfi að koma. Slík atvinnu- og byggðastefna í framkvæmd væri líklegust til að tryggja hagkvæma nýtingu auðlinda og mannvirkja þjóðarinnar og tryggði því bezt sívaxandi fjölda ungs fólks atvinnu og batnandi lífskjör.